

Dagskrá fimmtudaginn 13. október

Kl. 11:00 verður sýnd mynd um gosið í Eyjafjallajökli 2010.

HÁDEGISVERÐUR

Fiskur á nýja mátann. Í boði verður lúðuréttur með kartöflum og grænmetisblöndu. Í eftirrétt verður vanillusúpa.

KAFFI

Soðbrauð með smjöri

HÁTÍÐAKVÖLDVERÐUR Á HAUSTFAGNAÐI KL.18

Fyllt lambalæri með brúnni sósu, brúnuðum kartöflum, rauðkáli, grænum baunum og salati og í eftirrétt verður sherry frómas

Boðið verður uppá pilsner, malt og appelsín með matnum.

KL. 19:30 AÐ LOKNUM KVÖLDVERÐI VERÐUR SKEMMTUN Í „GYLLTA SALNUM“.

Ingibjörg Ólafsdóttir söngkona og Stefán Helgi Stefánsson söngvari syngja við undirleik Ólafs B. Ólafssonar píanó- og harmonikkuleikara.



Snætt verður í borðstofum á hverju sambýli og geta íbúar boðið með sér gesti. Verð fyrir gesti er 2.500.– fyrir kvöldverðinn. Skráning gesta er í móttöku fyrir kl. 16 þann 12. október.

Góða skemmtun

Dagskrá föstudaginn 14.október

Kl. 14:00 Guðþjónusta í Sóltúni

Sr. Birgir Ásgeirsson prófastur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra prédikar og þjónar fyrir altari ásamt Jóni Jóhannssyni djákna.

Tónlistina leiða sem oftast Örn Arnarson söngvari og Gunnar Gunnarsson píanóleikari.


Altarisganga verður í guðþjónustunni.

ÖLDUNGUR HF. 4. TBL. 10. ÁRGANGUR 2011

FRÉTTIR ÚR SÓLTÚNI

07.10.2011

ÍSLENSKIR DAGAR 10.-14. OKTÓBER 2011



Í ÞESU TÖLUBLADI

ÍSLENSKIR PEMADAGAR	1
DAGSKRÁ 11.OKTÓBER	2
DAGSKRÁ 12 OKTÓBER	3
DAGSKRÁ 13-14.OKTÓBER	4

Þemavikur eru vinsælar í Sóltúni. Þær léttu lund og eru hin besta skemmtun fyrir íbúa, ættingja þeirra og starfsfólk. Í vor voru tékkneskir dagar, franskir dagar voru í október 2010 og fjölmenningsvika og gleði og hamingjuvika voru 2009. Árið 2008 voru írskir dagar og norsk þemavika var 2007. Færeyskir dagar og breskir dagar voru 2006, danskir dagar 2005 og amerískir árið 2004. Nú verður landið okkar Ísland í aðalhlutverki.

Þegar þemadagar eru þá er matseðill skipulagður í samræmi við þemað og húsið skreytt. Haldnir eru lista- og menningarviðburðir og veislur.

Íslenskt, já takk !

Dagskrá mánudaginn 10.október

Á íslenskum dögum breytist sjúkráþjálfunin í húsmæðraskóla. Húsmæðraskólinn ætlar að steikja kleinur í samkomusalnum kl. 14:00 og býður íbúum og öllum sem hafa áhuga að taka þátt. Á þriðjudeginum verður svo boðið upp á kleinur og heitt kakó í Húsmæðraskólanum.



Á sambýlum á 1. hæð verður áhersla á haustsmölun, réttir og baðstofustemningu. Siglufjörður, síldarævintýrið og Vestmannaeyjar verður viðfangsefni 2. hæðar, og Vestfirðir og saga Reykjavíkur 3. hæðar. Í vikunni eru íbúar hvattir til að fara um húsið og skoða hvernig íbúar og starfsfólk hafa útfært hugmyndir sínar.



Dagskrá þriðjudaginn 11. október



Kl. 10:30 hefst sláturgerð í samkomusalnum. Íbúar og starfsfólk taka slátur saman og halda þessum þjóðlega sið á lofti, létt íslensk dægurlög hljóma um allt hús.

HÁDEGISVERÐUR

Fiskur úr verinu, boðið verður uppá saltfisk, gellur og siginn fisk, framborið með kartöflum, rófum og hamsatölg. Í eftirrétt verður kakósúpa með tvíbökum



Kl. 14:00 er bingó í samkomusalnum. Forvitnilegir vinningar í boði.

KAFFI

Smurt maltbrauð með kæfu og kleinur.

KVÖLDVERÐUR

Smurt rúgbrauð með silungi og kalt slátur með skyri eða skyrræringi .



Dagskrá miðvikudaginn 12. október



Kl. 10:45 verður sýnd myndin

Andlit norðursins í samkomusal. Sagafilm er framleiðandi myndarinnar sem hefur verið lýst sem stórvirki og hlotið mikið lof gagnrýnenda. Myndin er um Ragnar Axelsson ljósmyndara, eða RAX og myndir hans um samspil manna og náttúru á norðurslóðum, Íslandi og Grænlandi.



HÁDEGISVERÐUR

Sviðaveisla, boðið verður uppá sviðahausa og sviðasultu, framborið með kartöflumús og rófustöppu. Í eftirrétt verður rabarbaragrautur með rjóma-blandi.

Sviðaát

„Ýmiss konar þjóðtrú tengdist sviðaáti. Eyru mátti eta en ekki mörk og sagt var að sá sem æti mörk yrði sauðabjófur. Margt af þessu tengdist óléttu eins og fleiri matarkreddur. Pungaðar konur máttu til dæmis ekki eta gómfillu úr sviðum því þá varð barnið þeirra holgóma. Ekki máttu þær eta broddsviðið nema segja um leið: „Það verður ekki loðið það sem ég geng með.“ Annars máttu þær búast við að á barninu yrði loðinn blettur.“

Úr *Íslenskri matarhefð* eftir Hallgerði Gísladóttur

KAFFI OG MYNDASÝNING Í HRESSINGARSKÁLANUM

Kl. 14:00 – 15:30 er boðið uppá hnallþóru, rjómapönnukökur og ástarpunga á **Hressó** (samkomusalur). Á könnunni verður heitt súkkulaði.

Ísland með augum gestsins, ljósmyndir frá Íslandsferð Radik Baran verða sýndar á sýningartjaldi.

KVÖLDVERÐUR

Plökkfiskur, kartöflur og rúgbrauð. Í eftirrétt verðu Royal búðingur .

